



GJAFAPAPPÍR þarf ekki að vera svo dýr ef notuð eru efni sem þegar eru til í kringum okkur. Þar má nefna gamla boli eða föt, servíettur, tóbaksklúta, dagblöð eða hvað sem fólki dettur í hug.

HEIMILI

Nýsköpun í list

Iðandi líf og listir ráða ríkjum í Ráðhúsi Reykjavíkur helgina 30. október til 2. nóvember. Tílefnið er sýningin Handverk og hönnun sem nú er haldin í fjórða sinn.

Á sýningunni Handverk og hönnun má kynna íslensku handverki, listiðnaði og hönnun. Þar sýna 59 einstaklingar fjölbreytta hönnun, allt frá postulínsstellem og fötum til jólasakra og skartgripa. Sýndur voru valdir af sérstakri faglegri valnefnd og munu listamennirnir sjálfir kynna vörur sínar í Ráðhúsinu. Sýningin hefur vakið mikla athygli undanfarin ár og mörg þúsund

manns hafa lagt leið sína í Ráðhúsið þessa helgi. Á fyrsta degi sýningarinnar verða Skúlaaverðlaunin 2009 veitt í annað sinn. Markmið þeirra er að hvetja þátttakendur til nýsköpunar og vörupróunar. Aðgangur að Ráðhúsinu er ókeypis en nánari dagskrá og upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.handverkoghonnun.is

solveig@frettabladid.is



Blá glerskál eftir Kristínu Sigfríði Garðarsdóttur.



Sparielgur eftir Pál Garðars-son.

Spiladós, Krummavísur, eftir Margræti Guðnadóttur.



Jólasakra úr ull eftir Evu Jóhannsdóttur.




Bollar og skálar úr postulínu eftir Guðnýju Hafsteinsdóttur.

Habitat opnar á ný

HÚSGAGNAVERSLUNIN HABITAT OPNAR AÐ NÝJU Í HOLTAGÖRÐUM UM HELGINA OG AF ÞVÍ TÍLEFNI VERÐUR EFNT TIL OPNUNARHÁTIÐAR.

Tekk ehf. sem rekur Tekk Company í Kringlunni og Holtagörðum tók við rekstri Habitat eftir að verslunin fór í þrot fyrr á þessu ári og á Telma Birgisdóttir, verslunarstjóri Habitat, von á því að verslanirnar munu vega hvor aðra upp. „Það eru talsvert ólíkar áherslur í Tekk og Habitat en Tekk er með grófarri húsgögn á meðan Habitat leggur mikla áherslu á smávöru eins og eldhúsvörur, stell og hnifapör ásamt því að vera með sterka ljósa-deild.“ Þrátt fyrir erfiða tíma er Telma bjartsýn. „Við breyttum áherslum í Tekk og höfum náð að lækka vöruverð. Við höfum þó ekki eins



Habitat-unnendur geta nú tekið gleði sína á ný. MYND/HABITAT

mikið um það að segja í Habitat en leggjum þess í stað meiri áherslu á smávöruna. Þá höfum við fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir Habitat-vörum eftir að búðinni var lokað og ákváðum að slá til.“ Verslunin Dorma, sem selur svefnherbergisvörur, opnar einnig á annari hæð Holtagarða um helgina og er því hægt að fá allt fyrir heimilið á hæðinni. Á opunarhátíðinni, sem stendur alla helgina, verður Te og kaffi með tilboð, Ingó í Veðurguðunum tekur lagið auk þess sem trúður verður á ferðinni um húsið. - ve



HAUSTDAGAR

20% afsláttur
af BASLER vörum
18. okt. - 18. nóv

Parisar
TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

Skípholti 29b • S. 551 0770



Gabor
Skór & töscur



Sérverslun með

Gabor

XENA

FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060
Opíð mánud-föstud. 11-18
& laugard. 11-16

Smáauglýsingar
Fréttablaðsins
eru einnig á vísir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“



GERÐU GAMLA ELDHÚSIÐ
EINS OG NÝTT

Hjá Birninum færðu nýjar hurðir og skúffustykki í þeirri viðartegund sem þú velur eða sprautulakkað í þeim lit sem þig langar í. Síðan er bara spurning hvernig borðplötu má bjóða þér.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér málið.



Ármúla 20 // 108 Reykjavík
S: 562-5000 // F: 562-5045
N: bjorninn@bjorninn.is // www.bjorninn.is